

# Orlofsferð húsmæðra í Suður Þingeyjarsýslu 2018

(Ath. allar konur sem hafa haldið heimili án launagreiðslu hafa rétt til að fara í þessa ferð og fá til þess styrk úr húsmæðraorlofssjóði)

## Á slóðir Martins læknis 4.-8. október



Í ár er stefnt að því að halda á Cornwall á Suður-Englandi. Þann 4. október verður flogið til London Gatwick (kl. 07:45) og keyrt þaðan með rútu til smábæjarins Arundel þar sem m.a. kastali Duke of Norfolk verður skoðaður. Í Arundel verður gist fyrstu nóttina á hótél *Norfolk arms*. Þann 5. október liggur leiðin til Port Isaac, fallegs sjávarþorps sem dregið hefur að sér fjölda ferðamanna undanfarin ár vegna mikilla vinsælda þáttaraðanna um Martin lækni, fúlan en færan skurðlækni frá London sem gerist þorpslæknir í fremur sköndnum smábæ á Cornwall. Þættirnir eru teknir upp í Port Isaac en þar verður gist í þrjár nætur á hótél *Longcross*. Þann 6. október verður "þorp læknisins" skoðað. Þann 7. október verður boðið uppá rútuferð um svæðið í kring m.a til Tintagel, þar sem Arthur konungur og Merlin dvöldu. Þær konur sem ekki kjósa að keyra til Tintagel geta einnig dvalið í Port Isaac þennan dag. Þann 8. október verður keyrt til hinnar sögufrægu borgar Bath en þar verður frjálfs dagur þar sem m.a. gefst kostur á að kíkja í verslanir (allar helst verslunarkeðjur) eða bara skoða Roman Bath og þekkt kennileiti. Þaðan verður svo haldið rakleiðis til London Heathrow þaðan sem flogið verður heim (kl. 21:10). Hér gefst kostur á að njóta fallegra sveita Englands og dásamlegra smáþorpanna en um leið að komast í verslunarleiðangur í borg. Ferð sem engin kona í Suður-Þingeyjarsýslu ætti að láta fram hjá sér fara (pundið er líka hagstætt). Innifalið í verði er flug, gisting í 4 nætur með morgunverði, rúta um svæðið, aðgangur í kastala, aðgangur í garð, kvöldverður á komudegi og hádegisverður og cream tea í kaffihúsakirkjunni í Port Isaac. Íslensk fararstjórn og góður félagsskapur © Verð er kr. 105.500 á konu. Mikilvægt er að skráningar berist fyrir 10. maí. Greiða þarf 15.000 kr. staðfestingargjald við skráningu sem er bindandi. Fararstjóri er Jónína Ólafsdóttir, íslenskufræðingur og guðfræðingur og flogið verður með Icelandair.

Skráningar berist til: Sigrúnar Jónsdóttur Sólgarði, s. 8991010 og netfang: [solgardur@simnet.is](mailto:solgardur@simnet.is),  
Torfhildar Sigurðardóttur Melúsum, s. 8953356 og netfang: [tolla@storutjarnaskoli.is](mailto:tolla@storutjarnaskoli.is) og Ingu  
Árnadóttur Þórisstöðum, s. 8627717 og netfang: [thorisstadir@internet.is](mailto:thorisstadir@internet.is)